

Reglugjörð

94
5. júlí

um breyting á reglugjörð 7. marz 1908, um notkun pósta.

Síðasti liður 21. gr. reglugjörðar um notkun pósta frá 7. marz 1908 orðist þannig :

Verði sendingum hvorki komið til viðtakanda né sendanda, skal senda þær til póststofunnar í Reykjavík. Þar skulu tveir eiðsvarnir póstmenn, sem póststjórnin sérstaklega kveður til þess, opna þær og rannsaka, til þess að leitast við að finna viðtakanda eða sendanda af undirskrift bréfa eða innihaldi. Takist það, skal senda öðrumhvorum þeirra sendinguna, eftir því sem þykir við eiga, undir innsigli póstmeistara, með óborguðu burðargjaldi hafi það hvílt á henni; annars skulu sendingarnar liggja á póststofunni í Reykjavík að minsta kosti 3 mánuði, og hafi þær eigi verið sóttar á þeim tíma, skal selja þær póstsjóði í hag samkvæmt 26. gr. í póstlögunum eða eyða þeim. Skal það gjört einu sinni á ári hverju undir umsjón þeirra manna, sem til þess eru settir og nefndir eru að framan. Sé hægt að spyrja upp sendanda, en hann neitar að taka við sendingunni, skal senda hana til stjórnarráðsins, sem sker úr því, hvort gjöld þau, sem kunna að hvíla á sendingunni, skuli innheimta hjá honum með lögsókn.

Í stjórnarráði Íslands, 5. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.